



Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2021: rökstuðningur dómnefnda (um allar tilnefndar myndir)

DANMÖRK

Titill á frummáli:

Flukt

Titill á ensku:

Flee

Leikstjórn:

Jonas Poher Rasmussen

Sjaldgæft er að hið fagurfræðilega, pólitíska og manneskjulega fari saman í eins mikilfenglegri og listrænni heild og í *Flugt*. Í þessari teiknuðu heimildarmynd segir æskuvinnur leikstjórans, Amin, í fyrsta sinn átakamikla sögu sína sem samkynhneigðs flóttamanns frá Afganistan þegar hann stendur á krossgötum í lífi sínu í Danmörku: Hann ætlar að gifta sig.

Myndin setur flóttafólkssumræðu samtímans í áþreifanlegt og átakanlegt samhengi og um leið er auðvelt að lifa sig inn í almennan tilvistarefa Amins, sem myndin tekst á við með næmri og á stundum kíminni tilfinningu fyrir smáatriðum og andrúmslofti.

Sú aðferð að teikna söguna leysir með snilldarlegum hætti tvær praktískar áskoranir, sem eru annars vegar nafnleysi aðalpersónunnar og hins vegar skortur á tiltæku myndefni. Jafnframt lyftir þessi stílhreina útfærsla frásögninni upp og gerir hana að skynrænni upplifun, allt frá lýsingunni á hamingjuríki æsku í Afganistan til erfiðs flótta áleiðis til Evrópu.

Flugt segir afar mikilvæga og áhrifaríka sögu um það að allar manneskjur, óháð uppruna, aldri og kynhneigð, eigi rétt á hamingjuríki bernsku og öruggu landi að búa í.

Dómnefnd: Heidi Hilarius-Kalkau Philipsen, Jacob Ludvigsen, Amalie Næsby Fick

FINNLAND

Titill á frummáli:

Ensilumi

Titill á ensku:

Any Day Now

Leikstjórn:

Hamy Ramezan

Ensilumi („Fyrsti snjórinn“) er ljóðræn saga með algilda skírskotun, saga af fjölskyldu sem stendur saman – jafnvel þegar henni er neitað um morgundaginn. Leikstjórinn Hamy Ramezan treystir áhorfendum sínum. Efnistöð hans eru í senn ákveðin og blíðleg og hann hugar ekki við að grípa til stórbrotinna tilfinninga og hómors. Leikurinn er fyrsta flokks.

Dómnefnd: Mikaela Westerlund, Kalle Kinnunen, Kaisu Isto



ÍSLAND

Titill á frummáli: Alma
Titill á ensku: Alma
Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir

Líkt og allar hinar konurnar sem vistaðar hafa verið með henni á lokaðri glæpageðdeild hefur Alma verið dæmd fyrir morð á karlkyns maka sínum. Fyrir þessum konum stendur efnahagshrunið 2008 fyrir mögulegt hrun feðraveldisins, en í skjóli þess hefur konum verið misþyrmt, nauðgað og haldið niðri gegnum aldirnar án þess að þær hafi notið ávaxta þess kerfis á nokkurn hátt. Þessi líking rammur inn margslungna frásögnina með áhrifamiklum hætti.

Það sem hefst eins og hefndarsaga í anda *noir*-mynda verður að fallettri ástarsögu sem hverfist um vegferð þolanda ofbeldis gegnum áföll og sorg uns hún enduruppgötvar loks rætur sínar og eigin sérstöku rödd.

Með beittum hómor og sláandi myndmáli sameinar *Alma* með fimlegum hætti ákafa ljóðræna sýn og samfélagsgagnrýnið femínískt sjónarhorn.

Dómnafnd: Jóna Finnsdóttir, Guðrún Helga Jónasdóttir, Björn Þór Vilhjálmsson

NOREGUR

Titill á frummáli: Gunda
Titill á ensku: Gunda
Leikstjórn: Victor Kossakovsky

Gunda er ein þessara fágætu heimildarmynda sem veita nýja sýn á heiminn. Leikstjórinn Victor Kossakovsky flytur okkur frá hinu mennska sjónarhorni inn í heim dýranna, sem lýtur annars konar rökum og hægari takti. Þar kynnumst við Gundu, sem býr á býlinu Grøstad í Vestfold í Noregi ásamt grísunum sínum. Mitt í sveitasælunni kemur sú grimmd sem ávallt býr í náttúrunni skýrt í ljós. Einfættur kjúklingur og stóísk kúahjörð eru hinar aðalpersónurnar í mynd sem sýnir mikla auðmýkt gagnvart dýrunum en hefur jafnframt hvassan pólitískan brodd. Skörp og ljóðræn myndataka Egils Háskjöld Larsen á sinn þátt í að gera *Gundu* að frábærri kvikmyndaupplifun.

Dómnafnd: Inger Merete Hobbeldstad, Emilio Sanhueza, Anne Gjelsvik



SVÍÐJÓÐ

Titill á frummáli:

Tigrar

Titill á ensku:

Tigers

Leikstjórn:

Ronnie Sandahl

Ronnie Sandahl lýsir fantavel hinum ljótari hliðum íþróttarinnar; heimi þar sem ungt hæfileikafólk er smættað niður í líkama sinn, keppnissskap og síðustu frammistöðu á vellinum. Mynd- og hljóðvinnsla fangar þau smáatriði sem gera frásögnina margbrotnari og miðlar innri jafnt sem ytri ringulreið – og skapar fágætan trúverðugleika kringum þá taug sem tengir leikmenn á fótboltavelli saman og hina rafmögnuðu stemningu á leikvanginum. Erik Enge ber myndina uppi og fyllir sérhvern ramma sem hann sést í með næmum leik sínum og lágstemmdum en blæbrigðaríkum tilþrifum í líkamstjáningu og svipbrigðum. Hér er á ferð óvenju vel heppnuð blanda af góðri leikstjórn og miklum leikhæfileikum.

Dómnefnd: Emma Gray Munthe, Gunnar Bergdahl, Caroline Cowan